

FUNDARGERÐ

267. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 22. mars 2024 og hófst kl. 12:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Práinn Óskarsson, Margrét Tryggvadóttir og Mörður Áslaugarson. Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ingvar Smári Birgisson, Rósa Kristinsdóttir og Marta Guðrún Jóhannesdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri, Bryndís Dagsdóttir forstöðumaður fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð. Hinrik Gunnarsson og Björn Arason, endurskoðendur félagsins, sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

1. Samstæðureikningur Ríkisútvarpsins ohf. 2023

a. Samstæðureikningur 2023

Fjármálastjóri, Björn Þór Hermannsson, kynnti samstæðureikning RÚV fyrir árið 2023 sem var áritaður af endurskoðanda félagsins án fyrirvara.

Rekstrartekjur ársins voru 8.726 m.kr og jukust um 10% á milli ára. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar þá nam aukningin á hinn bóginn 136 m.kr. eða 1,5% á milli ára. Rekstrarkostnaður hækkar um 670 m.kr á milli ára eða um 9%. Þar af jókst launakostnaður um 474 m.kr eða 15% en bent var á að á sama tíma hækkaði vísitala launa um 9,8% milli ára. Stöðugildum fjölgaði um 19 á árinu og eru 273 en af þeirri aukningu voru 7 sem voru áður verktakar. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 4% eða um 158 m.kr. Afskriftir hækka um 39 m.kr. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði jókst talsvert á milli ára, var 337 m.kr á fyrra ári en er nú 484 m.kr.

Fjármagnsgjöld voru 478 m.kr á árinu 2023 og lækka um 25 m.kr á milli ára sem fyrst og fremst má rekja til gengisbreytinga og lægri verðbóta.

Á heildina litið varð viðsnúningur í rekstri félagsins á árinu 2023 og skilaði félagið 6 m.kr. hagnaði á árinu 2023 samanborið við 164 m.kr tap á árinu 2022.

Heildareignir samstæðunnar hækkuðu samanlagt um 491 m.kr á milli ára eða um 5%. Mesta hækkunin var í aukningu sýningarréttar sem hækkaði um 496 m.kr á milli ára en lækkun var á handbæru fé sem nam 68 m. kr. Heildareignir nema 9.477 í árslok 2023.

Vaxtaberandi langtímaskuldir hækkuðu um 222 m.kr á milli ára en hækkunin er vegna áfallinna verðbóta á langtímalán umfram það sem greitt var á árinu. Aðrar fjárskuldir vegna langtíma sýningarréttar hækka um 150 m.kr.

Skammtímaskuldir hækka um 197 m.kr á árinu, en hækkunin skýrist að mestu af yfirdrætti í árslok sem er 153 m.kr. Aðrar skammtímaskuldir lækkuðu um 47 m.kr á árinu. Eiginfjárlutfall félagsins er nú 19,1%.

b. Skýrsla endurskoðenda

Hinrik Gunnarsson frá Advant endurskoðun fór yfir skýrslu endurskoðanda. Það var álit endurskoðanda félagsins að ársreikningurinn gefi skýra mynd af afkomu félagsins fyrir árið 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu. Jafnframt að hann sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Handwritten signatures in blue ink, including names like "HAR", "MS", "STIR", "Hei", "W", "re", and "u".

Það sem helst er vakin athygli á í skýrslunni snýr að samspili rekstrarafkomu og sjóðstreymis og kaupum á sýningarréttum. Þannig nam handbært fé frá rekstri 460 m.kr. en lækkaði um 290 m.kr. milli ára að stærstum hluta vegna aukinna birgða sýningarrétta. Þannig námu birgðir þeirra samtals 2.970 m.kr. í árslok 2023 og hækkuðu um 496 m.kr. eða 20% milli ára. Þar af hækkuðu birgðir vegna sýningarrétta á íþróttæfni um 207 m.kr. Vísað var til þess að á árinu 2023 þurfti að ráðast í ráðstafanir vegna aukins rekstrarkostnaðar. Þær ráðstafanir fólust m.a. í að dregið var úr breytilegum kostnaði eins og hægt var og dagskrárliðum frestað sem skýrði að hluta til hækkun sýningarrétta milli ára. Í því samhengi var bent á að æskilegt hefði verið að stjórnendur hefðu dregið samhliða úr innkaupum sýningarrétta á móti frestuðum dagskrárliðum og að æskilegt væri að stjórn félagsins setti reglur um hámark innkaupa á sýningarréttum fyrir hvert ár líkt og gert er fyrir fjárfestingar í fastafjármunum. Þannig megi ætla að ef ekki hefði komið til frestun sýninga síðari hluta ársins hefði orðið tap á rekstri félagsins.

Undir þessum lið kom fram að unnið væri að úrbótum og aðhaldi til að tryggja jafnvægi í rekstri og greiðslum félagsins.

Stjórn RÚV samþykkti ársreikninginn með áritun sinni.

Fundi slitið.

SEÐ: Sigríður H. Þórgísl

Ulfur

T. Tangvæt Trýggvadóttir

SEÐ VALGAR VILHJANSEN

þu af

Ditja Amundad. Lövega

Rósa Knútsdóttir